Miðá/Tunguá 2026

Skýrsla Árnefndar SVFR

Árnefndin er skipuð eftirtöldum einstaklingum.

Jónas Gestur Jónasson formaður
Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Haukur Þorsteinsson
Fannar Hilmarsson
Magnús Darri Sigurðsson
Úlfhildur Leifsdóttir

Helstu verkefni árnefndar á árinu 2026 voru eftirtalin:

- **Lagfæra merkingar vegna árinnar ásamt uppsetningu á skiltunum**
- **Endurnýjun og viðhald á veiðihúsi – það helsta sem var gert var að nýr ísskápur var keyptur í anddyrið, nýjar gluggakrækjur, krossviður settur á pallinn í anddyrinu, pallurinn við pottinn lagaður, endurnýjun húsbúnaðar og ýmislegt annað smálegt.**
- **Ferðir farnar í júní til að klára verkefni til að koma veiðihúsinu í gott stand ásamt því að veiðihúsið var þrifið hátt og lágt fyrir veiðitímabilið.**
- **Rafræn veiðibók í gegnum Angling IQ**
- **Farið í lok veiðitíma að loka ánni, veiðimerkingar teknar, veitt í klak í fyrsta skipti í mörg ár og húsið þrifið fyrir veturinn. Góð mæting var af hálfu árnefndarmanna.**
- **Stefnt er að því að endurbyggja sólpallana við húsið næsta vor.**

SVFR hefur framlengt samning sinn við Fiskræktar- og veiðifélag Miðdæla um þrjú ár eða til áranna 2026-2028.

Lýsing á staðarháttum og almenn veiðilýsing

Þegar ekið er upp Bröttubrekku áleiðis í Dalabyggð fylgir vegurinn með Suðurá en þar sameinast hún Austurá og verður að Miðá. Miðá rennur síðan niður frá Bröttubrekku áleiðis til sjávar í Hvammsfirði en á leiðinni renna í hana nokkrar hliðarár og ber þar helst að nefna Reykjadalsá, Hundadalsá og svo auðvitað Tunguá. Miðá er fiskgeng 23,7 kílómetra frá ósi upp að Selfossi. Auk þess gengur fiskur upp í Tunguá, Reykjadalsá og Hundadalsá

Dragá – bergvatnsá sem myndast smám saman þegar yfirborðsvatn í lækjarsytrum leitar sameiginlegs farvegs, vatnsmagn er því sveiflukennt. Vatnsmagnið hefur verið að mestu mjög gott í sumar.

35 merktir veiðistaðir eru í Miðá og 6 merktir veiðistaðir í Tunguá

Aðeins er leyft að veiða á flugu.

Mælst var með að hreystursýni væri tekið af þriðja hverjum laxi en það gekk ekki eftir því einungis fá hreystursýni skiluðu sér.

Bleikjuveiðin voru 142 bleikjur sem er mesta bleikjuveiði síðan 2019 en laxarnir voru 149 sem eru 65 löxum meira en í sumarið 2025. Stærsti laxinn veiddist í Stekkjarfossi en hann var 102 cm sem var líka stærsti lax ársins á veiðisvæðum SVFR.

.



Þorsteinn Magnússon lenti í þvílíku ævintýri þegar hann setti í og landaði 102 cm laxi í Tunguá í Dölum í Stekkjarfossi. En þetta var stærsti fiskur ársins á veiðisvæðum SVFR.



Svalbarðafoss í miklu vatni



Hörður árnefndarmaður að sleppa laxi


22:43



Ungur veiðimaður í góðri bleikjuveiði.

Annað:

Að lokum vill Árnefnd Miðár þakka Fiskræktar- og veiðifélagi Miðdæla og starfsfólki SVFR samstarfið á liðnu ári sem og öllum sem aðstoðuðu nefndina við störf sín.